

5

3. jan.

Borgarstjóri getur veitt undanþágu frá hreinsun og gjaldskyldu fyrir hús, sem standa í túni, enda hreinsi eigendur sjálfir á sinn kostnað, nægilega oft að dómi heilbrigðisfulltrúa. —

5. gr.

Gjöld samkvæmt 2. gr. falla í gjalddaga 1. apríl og 1. október ár hvert, en gjöld samkvæmt 3. gr. falla í gjalddaga jafnskjótt og hreinsun er lokið.

Allar kröfur og gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki sem önnur gjöld til bæjarsjóðs.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt, staðfestist hjer með samkvæmt lögum nr. 42, 11. júlí 1911, til að öðlast gildi 5. janúar 1919.

**I. stjórnarráði Íslands, 3. jan. 1919.**

**Sigurður Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*

6

4. jan.

## **Reglugjörð**

**um notkun og meðferð rafmagns í Vík í Mýrdal.**

1. gr.

Rafmagnsstöðin í Vík selur öllum rafmagn innan þess svæðis, sem rafmagnstaugar stöðvarinnar ná yfir, að svo miklu leyti sem afl stöðvarinnar nægir til, samkvæmt reglugjörð þessari.

2. gr.

Rafmagnið er eingöngu ætlað til lýsingar. Þó má rafmagnsnefnd með ráði stöðvarstjóra selja til annara afnota rafmagn það, sem stöðin getur framleitt umfram það, sem til ljósa þarf, ef það á engan hátt hindrar góðan rekstur stöðvarinnar til ljósa.

Einnig getur rafmagnsnefnd með ráði stöðvarstjóra leyft, að rafmagnið sje notað til annars en ljósa þann tíma dags eða árs, sem það er eigi notað til ljósa.

## 3. gr.

6

Reksturstími stöðvarinnar til ljósframleiðslu er frá 15. ágúst til 1. maí ár hvert á 4. jan. þeim tíma sem hjer segir:

a. Frá kl. 7 á morgnana þar til vinnubjart er orðið.

b. Frá þeim tíma dags, er ljósa gjörist þörf, þangað til kl. 12 á kvöldin.

Með sjerstöku leyfi rafmagnsnefndar, má nota rafmagn til ljósa eftir kl. 12 að kvöldi í þarfir einstakra manna eða fjelaga, gegn fyrirfram borgun, sem rafmagnsnefnd í sam- í samráði við stöðvarstjóra ákveður.

Ákvæði um reksturstíma stöðvarinnar að öðru leyti og um breytingar á hinum ákveðna ljóstíma, setur hreppsnefndin fyrir ákveðinn tíma í senn, eftir því sem við á, og eftir því, til hvers rafmagnið er notað, og skal það auglýst notendum með hæfilegum fyrirvare og á venjulegan hátt.

## 4. gr.

Á þeim tíma, sem vjelarnar eiga að vera í gangi — hvort heldur til ljósa eða ann- ara áfnota — má því að eins stöðva þær, eða taka strauminn af, að brýn nauðsyn beri til sökum viðgerða aða annara tálmana, er ekki verði hjá komist, og skal þá jafnan aftur hleypa straumnum í þræðina, svo fljótt sem unt er. Komi það fyrir, að stöðin sje lokuð, sökum að- gerða eða af öðrum ástæðum, sem ekki verður hjá komist, lengur en 4 sólarhringa í senn, á þeim tíma, sem hún á að vera opin til ljósframleiðslu, skal draga frá ljósgjaldinu  $\frac{1}{250}$  hluta af árgjaldinu fyrir hvern sólarhring, sem framyfir er. Að öðru leyti ber stöðin enga ábyrgð gagnvart straumnotendum á lokun, sem stafar af ófyrirsjáanlegum og óviðráðanlegum atvikum.

Breytingar og viðgerðir, svo og viðtengingar á nýjum línum, skulu að svo miklu leyti sem hægt er fara fram á þeim tíma, sem stöðin er lokuð.

## 5. gr.

Hver, sem óskar að fá lagt inn til sín rafmagn eða breytt eldri innlagningu, skal senda stöðvarstjóra skriflega beiðni um það með nákvæmum upplýsingum um það, hve mikið rafmagn hann vill fá alls, hve mikið til ljósa, suðu, vjela eða annars, hvort hann hugsar sjer seinna að bæta meiru við, og öðrum upplýsingum nauðsynlegum fyrir innlagninguna.

Stöðvarstjóri sendir umsóknina með athugasemdum sínum til rafmagnsnefndar, og nefndin ákveður því næst, hvort innlagningin skuli leyfð eða ekki og hve mikið gjald skuli greitt. Stöðvarstjórinn tilkynnir umsækjanda úrskurð nefndarinnar, og skal sú tilkynning vera komin til hans ekki seinna en þrem vikum eftir að stöðvarstjóri fjekk umsóknina. Aður en byrjað er á innlagningunni skal hlutaðeigandi umsækjandi, með undirskrift sinni á einu ein- taki þessarar reglugjörðar, skuldbinda sig til þess að uppfylla allar þær kröfur, sem reglu- gjörðin gerir til hans.

Pöntun á rafmagni sje bindandi að minsta kosti fyrir eitt ár. Hafi þá ekki verið sagt upp með mánaðar fyrirvara, skodast pöntunin gildandi fyrir næsta ár o. s. frv.

## 6. gr.

Húsálmur leggur rafmagnsstöðin á sinn kostnað frá aðalálmunum að húsum alt að 30 metra. Standi hús lengra en 30 metra frá næstu aðalálmu, kostar húseigandi það sem framyfir er, en stöðin lætur undir öllum kringumstæðum vinna verkið, og kostar sjálf upp- setningu á öryggjunum. Ef sjerstakir erfiðleikar eru við lagningu húsálmu, getur stöðin



**6** kraftist endurgreiðslu á þeim kostnaði; en ef svo stendur á skal gjöra húseiganda aðvart 4. jan. fyrirfram.

Aðaltaugakerfi stöðvarinnar má ekki stækka nema með samþykki hreppsnefndar.

7. gr.

Innanhústaugar, lampa og önnur áhöld, vjelar o. s. frv., skal setja upp á kostnað hlutaðeigandi umsækjanda, af löggildum innlagningarmani. Enginn, nema sá eða þeir, sem hreppsnefndin, eftir tilögu rafmagnsnefndar og stöðvarstjóra, löggildir til þess, má leggja inn taugar, setja upp lampa eða önnur rafmagnsáhöld eða vjelar, er setja á í samband við rafveituna, nje heldur breyta eldri innlagningu, eða fást við svipuð störf, er að rafveitunni lúta, hvort heldur utan húss eða innan.

8. gr.

Nú hafa verið lagðar inn taugar, eða áhöld sett í hús eða breyting gjörð á eldri innlagningu, og má þá ekki taka innlagninguna til afnota fyr en stöðvarstjóri hefir skoðað og prófað innlagninguna og vottað, að hún sje fullnægjandi. Altitist innlagningin ófullnægjandi, skal hlutaðeigandi innlagningarmaður laga hana þannig, að hún sje fullnægjandi.

9. gr.

Enginn má án leyfis rafmagnsnefndar taka rafmagn úr taugakerfi kaupþúsins nje aðhafast neitt það, er valdið geti skemduð á rafmagnstaugum, eða öðrum rafmagnstækjum, sem notað eru í sambandi við taugarnar, hvort heldur er í húsi hans eða utan þess. Brjótí nokkur gegn ákvæði þessu, skal hann greiða fullar skaðabætur og sæta sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggí við, samkvæmt hegningarlögunum.

10. gr.

Hver rafmagnsnotandi er skildur að sjá um, svo sem honum er unt, að innlagning hans sje ætíð í góðu lagi. Komi ólag á rafmagnstaugar eða rafmagnstæki í húsi, þannig, að skemduð geti valdið á taugum eða áhöldum rafmagnsveitunnar, t. d. að öryggi hrökkvi í sundur, eða að bilun sjáist á einangrun á leiðslubræðum, þá skal húsráðandi tafarlaust tjá það stöðvarstjóra, eða fulltrúa rafmagnsnefndar. Þar sem rafmagn er notað til ljósa, skal varast að taka í sundur ljóstækin, straumsnerlana, tengihylkin o. s. frv. Sje rafmagn notað til suðu eða hitunar, ber þess að gæta, að suðu- eða hitunaráhöld standi ekki svo nálægt þilveggjum, að brunahætta geti stafað af. Húsráðandi ber ábyrgð á öryggjum innanhúss en rafmagnsstöðin utan.

11. gr.

Rafmagnsnefndinni er heimilt að banna að nota í sambandi við rafveituna gamla lampa og önnur áhöld, sjeu þau eftir áliti hennar eða stöðvarstjóra orðin ótrygg eða til talmunar góðum rekstri.

12. gr.

Stöðvarstjóri og rafmagnsnefnd skulu ætíð hafa frjálsan aðgang alstaðar þar sem eru taugar eða áhöld, sem standa í sambandi við aðaltaugar stöðvarinnar, til þess að rannsaka, hvort alt sje í góðu lagi.

## 13. gr.

6

Rafmagnstöðin áskilur sjer einkasölu á rafmagnslömpum og öðrum rafmagnstækjum, 4. jan. er setja á í samband við rafveituna.

## 14. gr.

Nú vanrækir rafmagnsnotandi skyldur þær, sem hann hefir samkvæmt þessari reglugjörð, og skal þá stöðvarstjóra heimilt að slíta sambandi við hann til bráðabirgða, og að fullu með samþykki rafmagnsnefndar. Notandi ber fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslunni kann að stafa.

## 15. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á, er hreppsnefnd, eftir tillögum rafmagnsnefndar, heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugjörðar.

Rísi ágreiniugur út af sjerstökum ákvæðum, sker hreppsnefndin úr. Urskurði þessum má áfrýja til lögreglustjóra.

## 16. gr.

Hreppsnefndin hefir á hendi yfirstjórn rafmagnsstöðvarinnar. Hún kys þrjá menn í rafmagnsnefnd til þriggja ára í senn, og skulu þeir eiga heima í Vík. Gengur einn maður úr nefndinni árllrga, tvö fyrstu skiftin eftir hlutkesti, og er kosið í þeirra stað. Hreppsnefndin ræður stöðvarstjóra, úrskurðar ársreikning stöðvarinnar og annast þau srörf, sem reglugjörð þessi og lög mæla fyrir.

## 17. gr.

Stjórn rafmagnsstöðvarinnar skipa rafmagnsnefnd og stöðvarstjóri. Stöðvarstjóri hefir þó ekki atkvæðisrjett á fundum nefndarinnar. Nefndin kys sjálf formann úr sínum flokki. Stöðvarstjóra ber að fylgja í öllu fyrirmælum rafmagnsnefndar.

## 18. gr.

Rafmagnsnefndin annast innheimtu á gjöldum til stöðvarinnar, en má þó feja hana stöðvarstjóra. Hún hefir alla reikningsfærslu á hendi og greiðir öll gjöld stöðvarinnar, ræður menn til vinnu, pantar efni í samráði við stöðvarstjóra, hefir eftirlit með rekstri stöðvarinnar og framkvæmd á öllu, sem eigi er öðruvísi skipað um í reglugjörð þessari, semur ársreikning um tekjur og gjöld stöðvarinnar, sem skal endurskoðaður af tveim mönnum, er hreppsnefndin kys til eins árs í senn.

Reikningsárið er frá 1. júní til júní.

## 19. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða, að svo miklu leyti sem þyngri hegningarákvæði ekki taka til þeirra, sektum alt að 100 krónum, sem renna í sveitarsjóð Hvammshrepps, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.



**6** Reglugjörð þessi er hjær með sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóv. 1915, og birt til 4. jan. eftirbreytöi öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**I stjórnarráði Íslands, 4. janúar 1919.**

**Sigurður Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*

## **Gjaldskrá**

**7**  
4. jan.

**fyrir notkun rafmagns í Vik í Mýrdal.**

1. gr.

Verð á rafmagni til ljósa, hvort heldur er úti eða inni skal vera 5 krónur á ári fyrir hvert 16 kerta ljós og í rjettu hlutfalli við það fyrir meira eða minna ljós.

Hreppsnefudinni er heimilt að færa gjald þetta niður alt að þriðja parti fyrir þau ljós, sem notuð eru minna en hálfan ljóstímann.

2. gr.

Verð á rafmagni til línstrokjárna, suðu, hitunar, vjelareksturs og ljósa utan hins ákveðna ljóstíma, ákveður rafmagnsnefndin, verði á annað borð nokkurt rafmagn selt til slíkrar notkunar.

3. gr.

Gjalddagi á ljósgjöldum sje fyrir 1. desember ár hvert, og ber húsráðandi ábyrgð á því að gjaldið sje greitt í tæka tíð. Öll gjöld til rafmagnsstöðvarinnar má taka lögtaki.

Gjaldskrá þessi er hjær með sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 1915 og birt til eftirbreytöi öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**I stjórnarráði Íslands, 4. janúar 1919.**

**Sigurður Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*